Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Grunur um smit	Málakerfi	1. Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma fær tilkynningu símleiðis eða rafrænt frá rekstrarleyfishafa um grun um smitsjúkdóm í eldisstöð. Hann stofnar mál í málakerfi með því að stofna ´Nýtt mál´ með málasniðmátið “Grunur um tilkynningarskyldan smitsjúkdóm í fiskeldisstöð“ og málalykil 4.11.2. Aðilar máls eru starfandi dýralæknar fisksjúkdóma, yfirdýralæknir og sviðsstjóri Samhæfingar. Öll gögn og samskipti eru vistuð í málinu.
2. Tilkynning	Tölvupóstur	2. Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma gerir Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum viðvart með símtali (staðfest með tölvupósti) og hlutast til um að kannað sé svo fljótt sem auðið er um hvaða sjúkdóm sé að ræða. Jafnframt gerir hann inn- og útflutningsdeild viðvart með tölvupósti svo koma megi í veg fyrir mögulegan útflutning sýktra afurða.
3. Staðfest smit	Bréf / Tölvupóstur	3. Liggi fyrir greining eða rökstuddur grunur um tilkynningarskyldan smitsjúkdóm í eldisstöð er allur samgangur við aðrar eldisstöðvar eða staði sem valdið gætu dreifingu á smiti frá stöðinni bannaður. Það á einnig við afhendingu eldisafurða frá stöðinni. Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma gefur viðkomandi eldisstöð skrifleg fyrirmæli um slíkt bann eða takmarkanir. Afrit eru send, eftir því sem við á, til fisksjúkdómanefndar, ráðuneytis, Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, Landssambands veiðifélaga, Landssambands fiskeldisstöðva og viðkomandi sveitarfélags. Afrit fá einnig sóttvarnadýralæknir og deildarstjórar fiskeldisdeildar og inn- og útflutningsdeildar MAST.
4. Skráning	Yfirlit (S-drif)	4. Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma heldur yfirlit um gildandi dreifingarbann sem hann uppfærir eftir atvikum. Yfirlit er aðgengilegt starfsmönnum MAST sem gefa út vottorð fyrir fiskeldisafurðir á S:/Listi yfir fiskeldisstöðvar í dreifingarbanni.
5. Aflétting	Tölvupóstur/bréf	5. Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma afléttir dreifingarbanni með skriflegri tilkynningu þegar sannreynt þykir að uppræting viðkomandi sjúkdóms hafi tekist. Hann lokar málinu þegar það er frágengið.

Procedure

Process	Output	Responsibility and actions
1. Suspicion of disease	File system	1. The Senior Veterinary Officer for Fish disease receives a notification either by telephone or electronically from the operation licence holder about a suspicion of an infectious disease on the farm. He opens a case in the file system (´Nýtt mál´) and choses the ´málasniðmát´ "Grunur um tilkynningaskyldan smitsjúkdóm í fiskeldisstöð", with the case code 4.11.2. The case is named „Suspicion of notifiable infectious disease in a fish farm" and connects to The case the veterinary officers for fish disease, the chief veterinary officer and the director of Coordination. .All data and communication are saved within the case.
2. Notification	E-mail	2. The Senior Veterinary Officer for Fish disease notifies Fish Disease Research Department at Keldur by phone (confirmed by email) and ensures that the disease is investigated as soon as possible. The Veterinary Officer for fish diseases also notifies the office of import and export so that the export of possibly infected products can be prevented.
3. Confirmed infection	Letter/e-mail	3. If there is a diagnosis or a substantiated suspicion about a notifiable infectious disease on a fish farm any and all transport to and from other fish farms or other locations which could cause the spread of infection from the farm is prohibited. This also applies to the delivery of products from the farm. Senior veterinary officer for fish disease gives the farm written instructions on prohibitions and restrictions. Copies are sent, as applicable, to the fish disease committee, Ministry, Fish Diseases Research Department, National Association of Fishing Association of Fish Farms and the municipality in question. Copies are also sent to the veterinary epidemiologist and managers of aquaculture department and office of import & export.
4. Registration	Overview (S-drive)	4. Senior Veterinary Officer of Fish disease keeps an overview of the current distribution ban which he updates as appropriate. An overview is available for MAST employees who issue certificates for aquaculture products on S:/Listi yfir fiskeldisstöðvar í dreifingarbanni. ("Overview of fish farms under distribution ban" filed on the MAST S harddrive).
5. Ban lifted	E-mail/letter	5. Senior Veterinary Officer of Fish disease lifts the distribution ban with written notification when it is verified that the eradication of the disease in question has been successful. He closes the case when it is finished.